



# SJÓMANNAFÉLAG ÍSLANDS

Skipholt 50D • 105 Reykjavík • Iceland • www.sjomenn.is • netfang sjomenn@sjomenn.is

Alþingi

B.t. Atvinnuvegamálanefndar

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 141/1357*  
*komudagur 6.2.2013*

Reykjavík 5.2.2013

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 24/1986 um skiptaverðmæti í sjávarútvegi og greiðslumiðlun í sjávarútvegi þingskjal 517-417. Mál.

Sjómannafélag Íslands (áður Sjómannafélag Reykjavíkur) hefur frá árinu 2007 þegar félagið sagði sig úr Sjómannasambandi Íslands (SSÍ) ítrekað haft í frammi kröfu um afnám greiðslumiðlunar við Sjávarútvegsráðuneytið og fleiri aðila. Í því sambandi hefur félagið aflað víðtækra gagna að beiðni ráðuneytisins. Allan þennan tíma hefur Sjómannasamband Íslands þegið greiðslur frá greiðslumiðlun í sjávarútvegi fyrir hönd félagsmanna okkar, sem ekki eru aðilar að SSÍ.

Með greiðslunum hefur SSÍ þegið um 14 milljónir árlega á núvirði frá árinu 2007 í nafni félagsmanna Sjómannafélags Íslands.

Sjómannafélag Íslands styður því frumvarp það sem hér er til umfjöllunar, þar sem frumvarpið mun leiðrétta þá grófu skattheimtu sem félagsmenn Sjómannafélagsins hafa mátt búa við.

Virðingarfyllst

  
Jónas Garðarsson, framkvæmdastjóri.



Member of International Transport Workers' Federation